

Gjaldtaka á sumarnámskeiðum

Málsaðili : Garðabær
Tengiliður :
Dagsetning : 25.05.2021
Númer : 2105499
Flokkur : 05.52 Aðrir menningarviðburðir

Efni : Gjaldtaka á sumarnámskeiðum menningarstofnana

Hugleiðingar menningarfulltrúa

Íþróttafélög, Skátahreyfingin, Listasöfn, sjálfstætt starfandi listaskólar og fleiri stofnanir og félög standa fyrir námskeiðum fyrir börn á sumrin. Þessi félög taka gjald fyrir, flest lágmarksgjald.

Menningarfulltrúi telur eðlilegt að þegar um vikunámskeið er að ræða hvort sem er hjá Hönnunarsafni Íslands eða Bókasafni Garðabæjar greiði þátttakendur lágmarksgjald enda er utanaðkomandi aðili fenginn til að kenna slík námskeið. Þá geta þátttakendur notað frístundastyrk frá Garðabæ til að greiða námskeiðsgjald.

Fordæmi eru fyrir slíkri gjaldtöku, t.d. kostar vikunámskeið fyrir 9 -12 ára á Bókasafni Kópavogs 9000 kr. en kennt er frá 13-16 alla daga vikunnar. Vikunámskeið hjá Náttúrufræðistofu Kópavogs þar sem sérfræðingar safnsins kenna sjálfir kostar 10.000 kr.

Hjá Borgarbókasafni Reykjavíkur eru slík námskeið hinsvegar ókeypis og að þeirri ástæðu telur forstöðumaður Bókasafns Garðabæjar rétt að ekki verði tekið gjald fyrir vikunámskeið í Garðabæ.

Menningarfulltrúi leggur til að fyrir 5 daga námskeið sem er í 2-3 tíma á dag verði 7000kr. gjald fyrir hvert barn en þannig er tryggt að með 20 barna þátttöku náist að greiða utanaðkomandi kennara. Efniskostnaður og annar kostnaður mundi falla á hverja stofnun.